

Marpól ehf.
Laufbrekku 24
200 Kópavogur

Reykjavík, 19. ágúst 2025
UOS2506104/B.B.B.

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 12. janúar 2024 um niðurstöðu eftirlits þar sem gerðar eru kröfur um úrbætur á vörunni Bio-Clean Hard Water Stain Remover sem fyrirtækið Marpól ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með efnavöru sem stofnunin barst ábending um að uppfyllti mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Marpól ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um flokkun, merkingar og umbúðir má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>, og upplýsingar um öryggisblöð má nálgast á <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur og Ísaks Sigurjóns Bragasonar í síma 569-6000 eða gegnum netföngin bergdis.b.baeringsdottir@uos.is og isak.s.bragason@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Ísak Sigurjón Bragason

Teymi efnamála